



## 2. fundur stjórnar haldinn í fjarfundi 4.maí klukkan 17:00

Mættir eru: Bragi, Bjarni, Rakel, Siggi, Sigga Dóra, Sigga Bjarna og Guðrún.

### 1. Sambandsstjóri setur fundinn klukkan 17:07

### 2. Sumarið 2020

- a. **Sumarfjör:** Sigga Dóra fór yfir málin: Búið að ganga vel að ráða og búið að klára ráðningar í öll störf. Skráningar að fara í gang og það er verið að vinna í dagskránni.
- b. **Vinnuskólinn:** skráningar í gangi og má búast við að meiri þátttaka verði að þessu sinni. Ýmis námskeið verða í boði og verða 4 starfstöðvar í gangi. Komnir tveir flokkstjórar og á eftir að ganga frá fleirum. Skipulag þarf að breytast hugsanlega miðað við strangari reglur vegna Covid 19. Það er verið að vinna í að reyna að samtvinnu sumarfjör og æfingar í t.d knattspyrnu og körfu. Sigga Dóra er að klára síðustu vikuna og stefnir á að fara í fæðingarorlof eftir það.

### 3. Umsóknir um starf tómstundafulltrúa

Bragi og Sigríður Bjarnadóttir munu taka málið áfram og vinna það hratt og örugglega í samstarfi við Siggu Dóru. Vegna fjölskyldutengsla við einn umsækjenda þá mun Sigurður Guðmundsson ekki taka þátt í ráðningarferlinu .

### 4. Landsmót UMFÍ 50+: Búið að fresta mótinu á þessu ári en það er verið að finna dagsetningar fyrir sumarið 2021.

### 5. Íþróttastarf af stað 4. maí: Siggi fór yfir dagskránni fyrir æfingar sem hefjast strax eða í næstu viku. Mikilvægt að taka vel á móti nýjum iðkendum og reyna að ná í þá sem eru hugsanlega að detta út. Búið að samþykkja að hækka frístundastyrk frá Borgarbyggð um 20 þúsund.

Væri gott að búa til samræmdar verklagsreglur um hvað félögin skuli gera þegar svona krísur koma upp. Jafnvel gott að hafa UMFÍ með í ráðum.

Væri gott að taka þetta fyrir á formannafundi, hverjar eru skyldur félaganna í þessu ástandi.

6. **Hreyfivika UMFÍ 25.05 – 31.05:** UMSB hefur alltaf tekið þátt í þessari viku. Siggi er búin að senda fyrirspurn á deildirnar en lítið um svör enn sem komið er. Það væri sniðugt að koma í gang áskorunarkeppni á milli fyrirtækja, MB mun hefja leikinn og skora á aðra. Siggi ætlar að tala við formenn deilda og forsvarsmenn fyrirtækja og fá þau til að taka þátt í þessu á einn eða annan hátt.
7. **Fundir um skiptingu fjármuna til íþróttahreyfingarinnar**  
ÍSÍ hefur fengið fjármuni frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu vegna covid-19. Félög með skipulagt barna og unglिंगastarf eru þau félög sem eiga vona á greiðslu. Fjármunir munu ekki fara í gegnum UMSB heldur í gegnum stjórnir félaganna.
8. **Önnur mál:**  
Stjórn UMSB sendir ályktun til Borgarbyggðar um að hvetja til þess að sumarið verði nýtt til þess að undirbúa Kárastaðasvæðið fyrir Unglingalandsmóti sem haldið verður í Borgarnesi 2022.  
Spurt var um stöðuna á málum varðandi nýtt íþróttahús. Siggi telur að það sé vilji sé fyrir því að keyra þetta áfram.  
Viljum hvetja nefndina til þess að kynna stöðuna fyrir formannafundi.  
Stefnum á að halda formannafund 11.júní í Hjálmakletti.

### **Ályktun til Borgarbyggðar frá stjórn UMSB**

Kárastaðaland hefur verið notað sem tjaldstæði á Unglingalandsmótum UMFÍ þegar þau hafa verið haldin á sambandsvæði UMSB. Mikilvægt er að svæðið verði tilbúið og klárt þegar mótið verður haldið í Borgarnesi 2022. Stjórn UMSB beinir því til Borgarbyggðar að byrja í sumar að vinna að svæðinu ræsa fram skurði og fegra umhverfið og halda því svo áfram sumarið 2021. Of seint var farið í framkvæmdir á svæðinu þegar mótið var haldið 2016. Mikilvægt er að nýta tímann fram að móti til að gera svæðið sem best fyrir gesti mótsins.